

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 64 – 13.02.2006

Mánudaginn 13. febrúar, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki. Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Boranir v/ Kýrholt
2. Fjórða - veitan
3. Önnur mál.
- 4.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Borkrónan festist í holunni í Kýrholti á 760 m. dýpi. Borinn hefur ekki afl til að ná henni upp og er farinn af holunni. Væntanlegur er nýr bor í ágúst 2006 til þess að ná borkrónunni upp og síðan halda áfram að bora holuna.
2. Í framhaldi af samþykkt síðasta fundar, þá átti stjórn Skagafjarðarveitna ehf fund með Byggðaráði Sv. Skagafjarðar 7. febrúar sl. vegna málefnis Fjölnets.
3. Nú mættu á fundinn Snorri Styrkársson framkvæmdarstjóri Fjölnets, fulltrúar Sv. Skagafjarðar, Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri og Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðstjóri. Farið almennt yfir málefni Fjölnets og aðkomu Skagafjarðarveitna ehf að Fjölnetinu. Samþykkt að Páll Pálsson vinni áfram að málinu.
4. Önnur mál
 - a. Lagður fram þjónusta –og tækjaleigusamningur við Björgunarsveitarinna Skagfirðingarsveit sem gildir til 15. febrúar 2012. Samningurinn samþykktur með smávægilegum breytingum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.10

Árni Egilsson ritari (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Einar Gíslason (sign)

Gísli Árnason (sign)

Páll Pálsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.